



Vorskýrsla Oddeyrarskóla 2018-2019



Yfirlit yfir skólastarfið 2018 – 2019

Inngangur	2
Sýn og stefna Oddeyrarskóla	3
Nám og kennsla	4
Stærðfræði	4
Þemakennsla á unglingastigi	5
Teymisvinna - samstarf	6
Samræmd próf	6
Niðurstöður úr lesfimi	7
Valgreinar	7
Mat á umbótaáætlun síðasta árs	7
Líðan og heilsa	8
Nemendur	8
Unnið gegn einelti	9
Ýmsir viðburðir	9
Ferðir nemenda	14
Mötuneyti	14
SMT Skólafærni	14
Kennaranemar og nýliðar í starfi	14
Samstarf foreldra og skóla	15
Foreldrasamstarf í Oddeyrarskóla - unglingastig	15
Þróunarstarf og símenntun	18
Fræðsla og endurmenntun	18
Könnun kennara um skólastarfið	19
Úr skýrslu náms- og starfsráðgjafa	21
Lokaorð	24

Inngangur

Þessari skýrslu um skólaárið 2018-2019 er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu þætti skólastarfs skólaársins. Skýrslan var tekin saman í maí og júní en hún byggir á ígrundun og mati margra aðila innan skólans.

Við mat á skólastarfinu er stuðst við niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins, sem lögð er fyrir ár hvert. Einnig byggir matið á SVÓT greiningum sem eru lagðar reglulega fyrir starfsmannahópinn í tengslum við skólastarfið og könnun sem kennarar svöruðu.

Skýrslan gefur yfirlit yfir starfshætti og innra mat skólans og er birt á heimasíðu. Ekki er gerð grein fyrir öllum þáttum skólastarfsins hvert ár en fjallað er um helstu áherslurætti og er matið notað til að bæta og efla skólastarfið.

Rannveig Sigurðardóttir, deildarstjóri
Fjóla Kristín Helgadóttir, deildarstjóri
María Aðalsteinsdóttir, kennari



Sýn og stefna Oddeyrarskóla

Einkunnarorð skólans eru ábyrgð – virðing – vinátta

Í Oddeyrarskóla vinnum við saman að því að skapa skólasamfélag sem nær árangri. Það einkennist af jákvæðum skólabrag, áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum.

Jákvæður skólabragur byggist á virðingu fyrir öllum einstaklingum og umhverfi þar sem margbreytileika skólasamfélagsins er fagnað. Hver og einn er meðvitaður um gildi sitt í samfélaginu og axlar ábyrgð á hlutverki sínu.

Við sköpum **áhuga** meðal einstaklinga með því að gera námið forvitnilegt og fjölbreytt og náms- og starfsumhverfi vinsamlegt og hvetjandi. Hver og einn sýnir ábyrgð í því að leita leiða til að skapa þessar aðstæður.

Við byggjum upp **metnað** með því að skapa aðstæður þar sem einstaklingum er gefinn kostur á að nýta styrkleika sína og hæfileika til að ná árangri. Mat á starfinu skal sett fram með leiðbeinandi og uppbyggjandi hætti. Þannig skapast vilji til að þróa og efla starfið.

Nám og kennsla

Í Oddeyrarskóla er leitast við að koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun og samvinnu starfsfólks og hefur það að markmiði að efla námsárangur nemenda. Kennarar fengu fræðslu um **hugarfar vaxtar** og leitast við í sínu starfi að innleiða þá hugsun. Hugafar vaxtar tónar vel við lærdómssamfélagið sem unnið hefur verið að undanfarin ár með áherslu á leiðsagnarmat. Þrennt einkennir vinnulag hugarfars vaxtar. Í fyrsta lagi að litið er á að með vinnu og námi sé hægt auka greind og hæfni nemendans. Í öðru lagið að nemendur viti hvernig þeir læra, og séu hvattir til þess að hugleiða hvernig þeir hugsa og í þriðja lagi að nemendur vinni í hópum með blandaðri námsgetu.

Stærðfræði

Á árlegu innanhússþingi sem haldið var 2. maí kynntu kennarar sem kenna stærðfræði kennsluhætti og vinnubrögð. Stærðfræðinám í Oddeyrarskóla hefur gengið vel undanfarin ár og hafa nemendur sýnt góðan árangur á samræmdum prófum í 4., 7. og 9. bekk. Ákveðið var að umræða færi fram um vinnubrögð og áherslur til að skoða hvað skilaði jákvæðum niðurstöðum.

Kennarar á yngsta stigi sögðu frá áherslum og vinnubrögðum í svokallaðri Zankov stærðfræði sem kennarar hafa verið að vinna með í samstarfi við Þóru Rósu Geirsdóttur sérfræðing við miðstöð skólaþróunar í HA. Kennarar á yngsta stigi hafa verið öflugir og taka þátt í þróunarvinnu og tilraunakennslu. Verið er að þýða efni úr norsku og er efnið eða nálgunin á stærðfræðikennsluna nefnd Udviklende opplæring i matematikk. Hópurinn fór nýlega í námsferð til Noregs þar sem hann fékk meiri fræðslu í vinnubrögðunum og samanburð á mismunandi kennsluáferðum.

Í stuttu máli byggir aðferðin á því að allir nemendur fá verkefni sem þeir leysa ýmist einir eða í minni hópum. Aðferðin byggir á samræðum, lausnaleit og þrautalausnum. Þannig læra nemendur með samræðum og stærðfræðilegum pælingum. Nemendur fara mislangt með verkefni. Nemendur fá mismunandi verkefni í tímum og er skipt frekar oft um efnispætti. Þannig eru efnispættir frekar endurteknir en að unnið sé lengi í sama þætti. Kennslan er nokkuð stýrð og hafa allir sama markmið: að leysa verkefnið í sameiningu. Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig og rökræða sínar tillögur og lausnir. Almennt eru kennarar ánægðir með aðferðina og ætla að halda áfram að nota hana.

Kennarar á miðstigi sögðu frá leiðtoganámi í stærðfræði sem stýrt er frá HA og HÍ. Leiðtoganámið felst í starfsþróun stærðfræðileiðtoga með leiðsögn kennara frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Stærðfræðileiðtoga leiðir hóp samkennara á miðstigi í sínum skóla og leggur grunninn að faglegu námssamfélagi með samræðum um stærðfræðinám og -kennslu. Hópurinn kynnir sér afmarkaða þætti stærðfræðinnar og vinnur saman að gerð kennsluáætlana. Að kennslu lokinni eru kennsluáætlanir og kennsla tekin til ígrundunar og umræðu. Markmið námsins er að stuðla að aukinni hæfni og árangri nemenda í stærðfræði með því að skapa faglegt námssamfélag og styrkja fagvitund stærðfræðileiðtoga og kennara. Ákveðnir þættir stærðfræðinnar eru teknir til umfjöllunar og hæfniviðmið aðalnámskrár lögð til grundvallar í náminu. Fyrirmynd leiðtoganámsins er starfsþróunarverkefnið Matematiklyftet í Svíþjóð. Vinnan hefur gengið vel en nokkur tímaskortur hefur þó haft þau áhrif að kennarar hafa ekki geta prófað öll verkefni en vinnan mun þó skila aukinni þekkingu og fjölbreyttum leiðum til að fást við nám og kennslu.

Kennarar á unglingastigi kynntu fyrirkomulag á námi og kennslu í 8. - 10. bekk. Kennsla er nokkuð stýrð og einkennist af innlögnum, samræðum og para- og hópavinnu. Töluverður stuðningur er í 8. og 10. bekk, þar eru oft tveir kennarar að kenna saman, og hefur það nýst vel. Nemendur nota hugtakabók þar sem þeir skrá niður reglur, sýnidæmi, aðferðir og leiðir með eigin orðum eða orðum kennarans. Mikið er um samhjálp og samvinnu milli nemenda. Allir nemendur vinna að sömu námsþáttum í einu og eru langflestir með sama námsefni. Námsmat er aðlagð hjá nokkrum nemendum og þá stjórnumerkt. Ekki er kennt eftir ákveðnum bókum heldur námsþáttum og notast við þrjá bókaflökka. Þannig velja kennarar dæmi og kafla sem þeim finnast best hæfa nemendum og kennslunni. Nemendur fá gátlista, áætlanir og er námsmat gefið í bókstöfum og sett inn í lotur á

Mentor. Skólaárinu er skipt upp í 5-6 lotur og vinna allir bekkir hópverkefni sem þeir kynna. Nemendur í 10. bekkur vinna nokkuð umfangsmikið lokaverkefni sem þeir kynna fyrir foreldrum, öðrum nemendum og starfsfólki. Allir nemendur nota vasareikna og skila vikulega heimadæmum á moodle. Nemendur nota bæði töflureikni og forritið Geoebru bæði sem náms- og hjálpartæki. Þegar töflureiknir eru notaðir eru skjöl sett í Google Classroom þannig að hver nemandi fær afritað skjal fyrir sig. Kennarar eru duglegir að deila myndböndum með útskýringum bæði á Facebook og setja slóðir á gátlista þannig að nemendur hafi möguleika á að nota vandinám og leita leiða til að bæta við þekkingu sína. Þegar nálgast próf stýrir kennari upprifjun frá töflu þar sem farið er vel yfir gátlistann og bent á dæmi til að reikna aftur og itarefni. Kennarar hafa útbúið lista með góðum ráðum fyrir bæði nemendur og foreldra með ráðleggingum um hvernig hægt er að styðja við nám í stærðfræði og efla sig sem nemanda.

Þemakennsla á unglingastigi

Á unglingastigi hefur undanfarin þrjú skóalár verið unnið með náttúrufræði og samfélagsfræði í þemavinnu. Nemendur í 8. - 10. bekk hafa unnið í blönduðum hópum í fjölbreyttum verkefnum. Öll sú vinna hefur miðað að því að koma til móts við grunnþætti menntunar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Grunnþættir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Nemendur hafa verið 6-8 kennslustundir á viku í þema.

Yfirlit yfir efnisþætti

1. ár

- Vinnubrögð í þema
- Heimsþema með CLM aðferð, landafærði með heimsálfur
- Mannlíkaminn, líffræði, forvarnir og kynlíf
- Árshátíð, leikrit, söngur og dans
- Stjörnuheimurinn, himingeimurinn og hugtakavinna
- Saga Oddeyrar, hús og fyrirtæki
- Umhverfisþema með áherslu á menntun, plast o.s.frv.

2. ár

- Vinnubrögð í þema
- Stríðsþema. Nemendur kynntu sér styrjaldir að eigin vali og gerðu grein fyrir þeim.
- Heilsuverkefni með aðkomu íþróttakennara.
- Kynjahlutverk á vinnustöðvum - jafnrétti.
- Árshátíð, leiklist, söngur og dans.
- Eðlisfræðiverkefni - tilraunir og skýrslur.
- Kosningaþema. Bæjarstjórnarkosningar.
- Landfræðiverkefni - Að ferðast um heiminn.
- Umhverfisþema - geimskipsverkefni. Vistkerfi í geimnum

3. ár

- Vinnubrögð í þema
- Plöntur og tré - náttúran. Kynning hjá Jóhanni Thorarensen.
- Lotukerfið.
- Siðfræðiverkefni - fortíð, nútíð og framtíð.
- Líffræði - sjúkdómar. Líffærakerfi í kringum valinn sjúkdóm og hann greindur.
- Lýðveldisafmælið - 100 ára afmæli fullveldisins.
- Árshátíð, leiklist, söngur og dans.
- Jarðfræði - landafræði. Friðlýst svæði.
- Jafnrétti - bleikur skattur og ofurhetjur.
- Umhverfisverkefni - loftslagsmál.

Námsmarkmið

Markmið með þemavinnunni eru fjölbreytt en miðað að samfélagsræði og náttúrufræði með áherslu á lykilhæni. Grunnþættir menntunar hafa verið hafið að leiðarljósi auk þess sem markmið sviðslista hafa komið fram í vinnu í tengslum við árs hátíð.

Kennarar eru sérstaklega ánægðir með umhverfisverkefni sem unnið var á öðru ári þar sem nemendur unnu með vistkerfi í geimnum. Auk þess var almenn ánægja með verkefni um mannlíkamann og kynfræðslu, stríðsþema, kosningaverkefni, heilsuverkefni og líffræðiverkefni með áherslu á sjúkdóma. Nemendur hafa ýmist unnið saman í litlum hópum, pörum eða einir. Stundum hafa kennarar valið saman hópa en oft hafa nemendur valið vinnufélaga. Alltaf hafa verið settar inn verkefnalýsingar á google classroom eftir innlögn. Stundum hefur verið erfitt að virkja alla nemendur og þarf að huga betur að nemendum með sérþarfir. Sterkir nemendur hafa í flestum tilfellum notið sín og lagt mikla vinnu í skapandi verkefni. Nálgun nemenda hefur oftast verið fjölbreytt og telja kennarar að vinna nemenda í þema muni efla þá í sjálfstæðri vinnu og námi.

Teymisvinna - samstarf

Undanfarin ár hefur verið lögð áherslu á samvinnu og samstarf kennara í teymum í Oddeyrarskóla. Teymisvinnu kennara má skilgreina þannig að tveir eða fleiri einstaklingar vinni saman í hóp og setji sér sameiginleg markmið. Eðli teymisvinnunnar getur verið mismunandi. Marga þætti þarf að hafa í huga þegar kemur að því að setja saman teymi, þeir snúa meðal annars að markmiðasetningu og almennu skipulagi, samskiptum innan hópsins og hlutverki hans. Ef teymi starfar vel saman getur ávinningur þess meðal annars verið aukin þekking á námi nemenda og fjölbreyttari kennsluhættir en auk þess getur samvinnan dregið úr einangrun kennara. Stundum geta skipulagsþættir haft neikvæð áhrif á vinnu teyma og skiptir miklu máli að vinna kennara sé skipulögð þannig að teymisvinnan nýtist vel. Auk þess skiptir máli að þeir sem vinna saman í teymum ákveði hvernig vinnunni sé best háttað og að vinnulag og samstarf sé í reglulegri endurskoðun.

Samræmd próf

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði að hausti. Prófin fyrir 7. bekk voru lögð fyrri 20. og 21. september og fyrir 4. bekk 27. og 28. september.

Í fjórða bekk þreyttu 25 nemendur samræmt könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Nemendur okkar náðu góðum árangri í báðum prófum; í íslensku voru þeir aðeins yfir landsmeðaltali og í stærðfræði náðu nemendur landsmeðaltali.

Í sjöunda bekk þreyttu 17 nemendur prófin. Í íslensku voru þeir rétt undir landsmeðaltali og náðu meðaltali í stærðfræði.

Í níunda bekk þreyttu 15 nemendur próf í þremur greinum, ensku, íslensku og stærðfræði að vori, 11. -13. mars. Árangur var mjög góður í stærðfræði þar sem nemendur voru töluvert yfir landsmeðaltali. Í íslensku voru þeir aðeins undir landsmeðaltali.

Meðaltal raðeinkunna nemenda í Oddeyrarskóla má sjá hér fyrir neðan. Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1-99 og sýnir stöðu miðað við árangur í heild á landsvísi. Raðeinkunn er byggð upp með þeim hætti að helmingur nemenda fær raðeinkunn lægri en 50 og helmingur þeirra raðeinkunn hærrí en 50.

- **4. bekkur raðeinkunn:**
Íslenska: 54,63
Stærðfræði: 51,96
- **7. bekkur raðeinkunn:**
Íslenska: 46,06
Stærðfræði: 53,81

- **9. bekkur raðeinkunn:**

Íslenska: 48

Stærðfræði: 61,27

Enska: 51,87

Kennarar og stjórnendur skoða þau gögn sem Menntamálastofnun leggur til eftir að niðurstöður prófa eru ljósar og vinna að umbótum með það fyrir augum að viðhalda góðum árangri og bæta þar sem þarf.

Niðurstöður úr lesfimi

Ef skoðaðar eru heildarniðstöður skólans borið saman við landið allt sést að Oddeyrarskóli er oft aðeins undir landsmeðaltalinu, þó er það misjafnt eftir árgöngum. Skoðaðar eru framfarir hópa og nemenda með hverjum umsjónarkennara með það fyrir augum að finna leiðir til að auka árangur og bæta lesfimi þar sem þess er þörf.

Valgreinar

Tímafjöldi nemenda í 8.-10. bekk er 37 stundir á viku. Nemendur í 8. bekk eru 33 kennslustund í grunnfögum á viku og fá því 4 kennslustundir á viku í valgreinum. Flestar valgreinar eru 2 kennslustundir á viku og velja flestir nemendur sér því tvær valgreinar. Nemendur í 9.– 10. bekk eru í 29 kennslustundir á viku í grunnfögum og því flestir í fjórum valgreinum.

Valið er ýmist innan skólans í höndum kennara skólans eða sameiginlegt með öðrum skólum bæjarins og þá þurfa nemendur að sækja í aðra skóla. Í vetur voru u.þ.b. 110 nemendur skráðir í nám í samvalsgreinar, sem er umtalsvert meiri fjöldi en undanfarin ár. Einnig geta nemendur fengið metið nám í tónlistar- og myndlistarskólum og þátttöku í íþróttum eða öðru tólmstundastarfi í stað valgreinar. U.þ.b. 30 nemendur sér þennan möguleika í vetur og er það svipaður fjöldi og verið hefur. Svo sem undanfarin ár gátu nemendur í 9. og 10. bekk valið sér greinar sem voru kenndar í Verkmenntaskólans á Akureyri og voru þær metnar til eininga. Þær greinar sem boðið var upp í VMA voru aðhlyning, háriðn, rafiðnir, tréiðn og þjónustu og framleiðslu. Alls luku tólf nemendur einingabæru námi í þessum greinum í vetur.

Mat á umbótaáætlun síðasta árs

Hér verður fjallað um þá þætti umbótaáætlunar sem átti eftir að setja í framkvæmd eftir endurskoðun vorið 2018.

Að stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf

Þessi þáttur hefur ekki komist að fullu í framkvæmd. Vinna stjórnenda hefur verið bundin við einstaka þróunarverkefni, t.d. samræðufélagar, þar sem deildarstjóri yngri deildar sat kennslustundir tveggja kennara reglulega allan veturinn til að styðja við þróun kennsluhátta með þessari aðferð. Deildarstjórar sitja einnig teymisfundi þar sem kennsluáðferðir og skipulag er til umfjöllunar og veita þar endurgjöf og stuðning.

Gæta þess við næstu endurskoðun skólanámskrár að allir hagsmunaaðilar eigi þar beina þátttöku

Vinna með endurskoðun var frestað til vors 2019. Um miðjan maí hætti skólastjóri störfum og allir starfsmenn skóla fóru í námsferð á starfsdögum í júní. Þessi þáttur hefur því ekki komið til framkvæmda. Þó má nefna að einhverjir kennarar eru búnir með endurskoðun á einhverjum þáttum námskrár, t.d. stærðfræði á yngri stigum vegna þróunarvinnu í Zankov stærðfræði. Aðrir þættir skólanámskrár verða endurskoðaðir með aðkomu skólaráðs næsta skólaár.

Huga að því við endurskoðun skólareglna að það verði gert með þátttöku nemenda

Skólareglur voru endurskoðaðar í vetur með aðkomu skólaráðs, þar sem nemendur eiga fulltrúa.

Vinna og setja námsvísa á heimasíðu svo foreldrum, verðandi foreldrum og öðrum í skólasamfélaginu séu þeir aðgengilegir

Þessari vinnu er lokið. Allar námskrár bekkja eru á heimasíðu Oddeyrarskóla.

Koma á reglulegum nemendasamtölum

Áætlun var gerð með það í huga að ná samtölum við rýnihópa og einstaklinga. Áætlunin var tímasett. Hluti vinnunnar fór fram á nemendabingi þar sem rýnihópar svöruðu nokkrum spurningum um skólastarfið. Skráð voru nemendasamtöl við alla nemendur í sex árgöngum. Í fjórum árgöngum var engin skráning en nemendasamtöl fóru fram í september og október 2018 í undanfara foreldrasamtala.

Sjá til þess að upplýsingar um ákvarðanir ráða og nefnda þar sem fulltrúar nemenda sitja séu öllum nemendum aðgengilegar

Fundargerðir eru til og verða settar á heimasíðu þegar umsjónarmaður hennar kemur úr fríi.

Gera þarf langtímaáætlun í innra mati svo og áætlun fyrir yfirstandandi skólaár

Ekki tilbúin. Fer í endurskoðun þegar nýr skólastjóri tekur til starfa.

Huga þarf að því að öll markmið í skólanámskrá séu metin markvisst og reglulega og skilgreina viðmið

Á hverju vori er gefin út skýrsla um skólastarf vetrarins sem byggir á innra mati á þeim þáttum skólaárs sem metnir voru það ár.

Gera upplýsingar um skólann og skólastarfið aðgengilegri fyrir alla óháð tungumáli eða fötlun

Heimasíðan er tilbúin með þýðingarvél á forsiðu.

Bæta aðstöðu í útivist

Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar hefur frestað framkvæmdum á skólalóð til 2021.

Líðan og heilsa

Nemendur

Nemendur í 6. - 10. bekk tóku Skólapúls í tveimur hlutum eins og undanfarin ár. Markmiðið er að kanna líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag í skólanum. Niðurstöður könnunarinnar birtast í nafnlausum samanburði við aðra grunnskóla á landinu.

1. Virkni nemenda í skólanum

Áhugi nemenda á lestri er yfir landsmeðaltali en stærðfræði og þrautsegja nemenda í námi kemur ágætlega út en er þó örlítið lægri en í samanburðarskólum þó að munurinn sé ekki marktækur. Ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu og trú á eigin námsgetu er marktækt verri en gerist og gengur í samanburðarskólum.

2. Líðan og heilsa

Sjálfsálit nemenda og stjórn á eigin lífi kemur illa út í könnunni og er nemendur í Oddeyrarskóla með minna sjálfsálit en jafnaldrar þeirra. Þeir telja að þeir hafi verri stjórn á eigin líf og er munurinn marktækur. Því miður telja nemendur sem svara könnunni að þeim líði ekki nægilega vel og er sá munur marktækur. Líðan er nokkuð mismunandi eftir árgöngum. Hollt mataræði og hreyfing nemenda í skólanum kemur neikvætt út en sá munur er ekki marktækur.

3. Skóla- og bekkjarandi

Það sem snýr að samskiptum nemenda við kennara, aga í tímum og virkni nemenda í kennslustundum kemur mjög vel út. Þar eru svör nemenda í Oddeyrarskóla marktæk jákvæðari en annarra nemenda á landinu. Þannig eru almenn ánægð með kennslustundir og samskipti kennara við nemendur. Nemendur eru neikvæðir út í samskipti við skólafélaga og samsvara sig marktækt verr við nemendahópinn en aðrir nemendur á landinu. Nemendur í Oddeyrarskóla leggja minna upp úr heimanámi en aðrir nemendur sem svöruðu könnunni.

Í heildina er ástæða til að hafa áhyggjur af sjálfsmynd nemenda og líðan í Oddeyrarskóla og eru sjálfsálit stúlkna heldur verra en drengja. Það sem er jákvætt er að kennarar eru í góðu sambandi við nemendur og kennslustundir ganga vel samkvæmt svörum nemenda. Þannig er umhugsunarvert hvernig skólasamfélagið geti brugðist við til að bæta og efla nemendur. Þetta eru svipaðar niðurstöður eins og undanfarin ár og hefur verið unnið markvisst með líðan nemenda t.d. með DAM kennslu, aukinni námsráðgjöf, kennslu í félagsfærni, ART kennslu og lífsleikni.


Unnið gegn einelti

Á heimasíðu skólans má finna fræðsluáætlun, viðbragðaáætlun- og skimunaráætlun gegn einelti sem skólinn starfar eftir. Velferðarnefnd skólans sinnir forvarnarstarfi gegn einelti, en teymið er samsett af námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingi og öllum skólastjórnendum.

Ýmsir viðburðir

Kennarar í Oddeyrarskóla hafa alltaf verið duglegir að taka þátt í margskonar verkefnum og keppni Slík verkefni eru ýmist fyrir hópa, bekki eða einstaklinga og eru bæði utan sem innan skólans. Þátttaka nemenda skapar tækifæri fyrir nemendur til að kynna öðrum nemendum, læra, æfa sig og vera virkir í sköpun og tjáningu. Þátttaka í slíkum verkefnum reynir á nemendur á fjölbreyttan hátt og virkjar þá í samfélaginu. Hér verður greint frá nokkrum verkefnum sem nemendur tóku þátt í skólaárið 2018-2019.





Skólahreysti 2019

Nemendur í Oddeyrarskóla hafa í vetur eins og undanfarin ár undirbúið þátttöku í Skólahreysti. Nemendur á unglíngastigi geta valið sér valgrein sem miðar að því að þjálfra og taka þátt í keppninni. Undankeppni var haldin í skólanum þar sem allir í 8. - 10. bekk gátu tekið þátt hvort sem þeir voru í valgreininni eða ekki. Myndað var lið með 6 nemendum sem mættu í íþróttahöllina á Akureyri og kepptu við aðra skóla í bænum. Keppnin gekk vel og enduðu nemendur í öðru sæti. Allir stóðu sig vel og tveir nemendur unnu sínar greinar.



Fullveldisafmæli Íslands

30. nóvember hittust nemendur og starfsfólk skólans á sal til að minnast 100 ára fullveldisafmælis Íslendinga. Eftir að hafa hlýtt á stutta upprifjun um fullveldið hjá Kristínu skólustjóra og fallegan upplestur Ellenar Óskar á ljóðinu Hver á sér fegra föðurland, sungu nemendur Ísland er land þitt og Ferðalok við undirspil Ívars Helgasonar. Við notuðum jafnframt tækifærið til að ræða falleg samskipti og góða framkomu við náungann í tilefni af baráttumánuði gegn einelti. Við þetta tilefni fengu nemendur 1. bekkjar og nýir nemendur í 2. og 3. bekk húfur sem á stendur: GEGN EINELTI. Við vonum að nemendur verði duglegir að nota þessar fallegu húfur sem starfsmenn skólans hafa þrjónað í öllum regnbogans litum. Engar tvær húfur eru eins sem minnir okkur á að engir tveir einstaklingar eru eins og að við eigum að virða ólíka einstaklinga.

Upplestrarkeppni í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk taka árlega þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er um allt land. Nemendur æfðu upplestur og kepptu svo sín á milli. Þrír fulltrúar (tveir aðalmenn og einn til vara) voru valdir til þátttöku í lokakeppninni sem fór fram í Menntaskólanum á Akureyri 20. mars og stóðu þeir sig mjög vel.



Upplstrarhátíð í 4. bekk

Árlega er haldin upplstrarhátíð innanhúss í 4. bekk. Nemendur æfa framsögn og lestur og lesa fyrir foreldra og aðra gesti. Töluverð vinna er lögð í undirbúning og er hátíðin lærdómsrík fyrir nemendur og liður í samstarfi heimila og skóla.

Nýsköpunarkeppnin á vegum RÚV, Verksmiðjan

Nemendur í 8. bekk tóku þátt í nýsköpunarkeppni ungs fólks í 8.-10. bekk. RÚV fylgdist með keppninni til að sjá hvernig fjölbreyttar iðngreinar hafa áhrif á nýsköpun og atvinnulífið. Sýndir voru þættir, sem heita Verksmiðjan, þar sem fylgst var með þátttakendum þróa hugmyndir sínir í frumgerð með aðstoð frá Fab Lab smiðjunum á Íslandi en markmið keppinnar er fyrst og fremst að ungt fólk geti séð og upplifað að hugmyndir þeirra geta vaxið, þróast og orðið að veruleika.

Norræna skólahlaupið

Norræna skólahlaupið er árlegt verkefni sem grunnskólum á Norðurlöndunum býðst að taka þátt í. Hlaupið var fyrst haldið árið 1984 og er haldið í 34. skipti í ár. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands sér um framkvæmd hlaupsins á Íslandi. Allir nemendur Oddeyrarskóla og nokkrir starfsmenn tóku þátt í hlaupinu 27. september. Hlaupinn var svokallaður Oddeyrarskólahringur í hverfinu. Yngri nemendur hlupu hringinn í kringum skólalóðina. Flestir voru duglegir að taka þátt og gátu nemendur valið að hlaupa mismarga hringi allt eftir áhuga og getu.



Norden for alle

Nemendur í 9. bekk tóku þátt í samnorrænu verkefni sem heitir Norden for alle. Verkefnið snýst um að skapa umræðu milli Norðurlandanna um ýmis samfélagsleg málefni, s.s. loftslagsbreytingar. Nemendur unnu að verkefninu í þrjá heila kennsludaga og voru í gagnvirkum samskiptum við nemendur í Danmörku, Grænlandi og Svíþjóð. Áhersla var á að nota dönsku í samskiptunum þannig að verkefnið er þverfaglegt og tengist bæði tungumálum, samfélagsfræði o.fl.

Stærðfræðikeppnin Pengea

Nemendur í 8. og 9. bekk tóku þátt, eins og undanfarin ár í Pengea stærðfræðikeppni sem fer fram ár hvert í mörgum löndum Evrópu. Alltaf bætast fleiri lönd í hópinn og árið 2016 tók Ísland þátt í fyrsta skipti. Meginmarkmið keppinnar er að hvetja nemendur í grunnskóla og auka áhuga þeirra á stærðfræði. Öll vinna við skipulagningu og framkvæmd keppinnar er unnin af sjálfboðaliðum úr félaginu Horizon og raungreina- og verkfræðinemum. Kennarasamband Íslands hefur verið skipuleggjendum innan handar við gerð prófanna. Margir nemendur í Oddeyrarskóla náðu góðum árangri í 1. umferð sem haldin var í skólanum. Þeir tóku þátt í annarri umferð sem einnig var haldin í skólanum. Einn nemandi í 8. bekk náði það góðum árangri að hann fór til Reykjavíkur og tók þátt í lokakeppninni.

Fótboltamót unglíngastígs í Boganum

Árlega er haldið fótboltamót í Boganum þar sem unglíngar á Akureyri taka þátt í fótboltamóti. Myndað er kynskipt lið í hverjum bekk sem keppir við jafnaldra úr öðrum skólum. Þeir sem ekki taka þátt í fótboltanum eru í Boganum og hvetja sinn skóla og sinn bekk. Margir eru mjög kappsamir en flestir eru með til að taka þátt og skemmta sér og öðrum.

Böll í skólanum

Nemendur í 10. bekk stóðu fyrir þremur böllum á skólaárinu og var ágóði af böllunum notaður í skólaferðalag. Fyrst voru haldin Hrekkjavökuböll annars vegar fyrir yngsta stig og hins vegar fyrir miðstig. Næst var haldið árshátíðarball sem opið var fyrir alla á unglíngastigi í bænum. Nemendur fóru með auglýsingar í Valsárskóla,

Hrafnagilsskóla og Pelamerkurskóla auk allra skóla á Akureyri. Góð mæting var á ballið og mikil gleði. Að lokum var haldið öskudagsball í tvennu lagi fyrir yngsta og miðstig.

Rafíþróttamót

Kennarar á miðstigi og tölvuumsjónarmaður stóðu fyrir rafíþróttamóti og tóku bæði þör og einstaklingar þátt. Keppt var í rocket league, Nba2k19, Fifa 19 og Trex runner. Sjö nemendur stóðu uppi sem sigurvegarar og tóku þátt fyrir hönd skólans í móti sem haldið var fyrir alla skóla í bænum. Mikil ánægja var með mótið hjá nemendum Áberandi var hversu fáar stúlkur vildu taka þátt.

Myndbandasamkeppni fyrir grunnskólanemendur

Siljan er myndbandasamkeppni Barnabókaseturs Íslands fyrir grunnskólanemendur. Markmið keppinnar er að auka áhuga barna og unglunga á bóklestri. Keppt er í tveimur flokkum, 5. – 7. bekk og 8. – 10. bekk. Siljan er opin nemendum í öllum skólum landsins og er keppnin styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nemendur í 8. og 10. bekk tóku þátt í keppninni og sendu inn nokkur flott myndbönd. Þrír nemendur í 10. bekk hömпуðu 3. sætinu fyrir myndband sem þeir gerðu um bókina Elmar fer í göngutúr. Umsögnin sem þeir fengu fyrir myndbandið var: Mjög sniðugt, frumlega leyst og vel teiknað. Skemmtileg notkun á teikningum í anda bókarinnar.

Lífshlaupið



Mikill metnaður er fyrir þátttöku nemenda í Lífshlaupinu og er sú þátttaka liður í því að Oddeyrarskóli er heilsueflandi grunnskóli. Allir nemendur eru hvattir til þess að hreyfa sig og kennarar skrá niður alla hreyfingu daginn eftir. Auk þess stendur skólinn fyrir sameiginlegri hreyfingu bæði í bekkjum og í öllum skólanum. Bekkir skoruðu hver á annan í hreyfingu og hvatti það marga til að hreyfa sig aukalega. Mikil samkeppni var þetta árið en nemendur í Oddeyrarskóla enduðu í öðru sæti í hreyfingu á landsvísu. Starfsfólk tekur einnig þátt og er samkeppnin mikil, sérstaklega milli stofnana Akureyrarbæjar.

Smiðjudagar

Smiðjudagar voru haldnir 21. og 22. mars. Að þessu sinni var ákveðið að dagarnir einkenndust af áherslum skólans, þ.e. upplýsingatækni, heilsueflingu, læsi og geðrækt. Nemendum var skipt í hópa sem voru blandaðir af hverju stigi fyrir sig og fóru á þessum tveimur dögum á milli níu 40 mínútna stöðva. Á stöðvunum voru nemendur að forrita, gera vísindatilraunir, taka þátt í ýmiss konar samskiptaleikjum, læra um jákvæðar hugsanir, teikna myndir við ljóð, búa til kappakstursbíla í tæknilegó, skapa tónlist í tölvum, gera núvitundaræfingar o.fl. Í mati á

smiðjudögum kom fram mikil almenn ánægja en helstu athugasemdir lutu að skipulagi á nesti og frímínútum.

Jólaþjölgreind

Á jólaþjölgreindardegi í desember fóru nemendur á milli fimm mismunandi stöðva og unnu ýmiss konar verkefni. Tíminn á hverri stöð var lengri en áður hefur verið á þjölgreindardögum (30 mín) og kom fram ánægja með það.

Keppni milli bekkja gegn matarsóun

Til að sporna gegn matarsóun í mótuneytinu var efnt til keppni milli bekkja sem fólst í því að allir matarafgangar voru vigtaðir í tvær vikur frá hverjum bekk. Markmiðið var að vekja nemendur til umhugsunar um hve miklu er

hent af mat og að allir skammti sér minna í einu og fari frekar oft. Nemendur í 7. og 8. bekk stóðu sig best og skiluðu nánast engum afgangum í lífræna ruslið.

Frjálsíþróttamót í Boganum

Á hverju vori stendur UFA fyrir frjálsíþróttamóti í Boganum. Nemendur í 4., 5., 6. og 7. bekk taka þátt. Keppt er í reiptogi, hlaupum, langstökki og fleiri greinum. Íþróttakennari og umsjónarkennarar á miðstigi fylgja hópnum og aðstoða við framkvæmdina.

Blak- og fótboldamót á unglíngastigi

Skapast hefur sú venja að unglíngar og starfsfólk keppi í blaki og fótbolta á vordögum. Nemendur í 8. - 10. bekk mynda þrjú kynblönduð lið og spila við aðra bekki og starfsfólk. Bikar gengur á milli og er mikill hugur í öllum. Starfsfólk var með óvenju harðsnúið lið þetta árið og vann alla fótboldaleikina örugglega og flesta blakleiki.



UNICEF - hlaup

Ár hvert tekur Oddeyrarskóli þátt í UNICEF hlaupi þar sem nemendur safna áheimum. Hlaupið er fræðslu- og fjáröflunarverkefni þar sem íslenskum börnum gefst tækifæri til að fræðast um aðstæður jafnaldra sinna víða um heim og með hollri hreyfingu safna fé fyrir starfi í þágu barna í fátækari ríkjum heims.



Ferðir nemenda

Skólabúðir að Reykjum

Víkuna 8. - 12. október dvöldu nemendur í 7. bekk í skólabúðunum að Reykjum í Hrútafirði.

Skólaferðalag 10. bekkjar

Skólaferðalag var farið 27. - 29. maí. Tveir kennarar fóru með sem fararstjórar og 28 nemendur tóku þátt í ferðinni. Farið var í Adrenalíngarðinn á Nesjavöllum, Rush trampólíngarðinn í Kópavogi, Skemmtigarðinn í Grafarvogi í litabolta og lasertag. Auk þess var farið í sund og út að borða. Gist var í tvær nætur, fyrst á Hótel Smára og svo í Skagafirði á hóteli í Varmahlíð á vegum ferðapjónustunnar á Bakkaföt. Í Skagafirði var farið í flúðasiglingu og í þrautabraut. Ferðin kostaði tæpar 70.000 kr. á mann með allri afþreyingu, mat, rútu og gistingu. Nemendur sófnuðu fyrir ferðinni með fjáröflun og var byrjað strax í 8. bekk. Nokkuð margir þurftu að greiða hluta ferðarinnar þar sem þeir höfðu ekki verið virkir í allri fjáröflun. Það þarf að ræða það vel við foreldrahópa hvaða vilji er fyrir fjáröflun þar sem hún er nánast öll í höndum foreldra.

Mötuneyti

Í febrúar var tekinn í notkun nýr salatbar sem hefur vakið mikla ánægju bæði hjá nemendum og starfsfólki. Boðið er upp á mat af salatbarnum í hádeginu alla daga. Nokkur aukning varð á nýtingu mötuneytis í kjölfar þessarar breytingar.

SMT Skólafærni

Í Oddeyrarskóla vinnum við eftir hugmyndafræði **SMT skólafærni**. Innleiðing á SMT skólafærni hófst í skólanum árið 2006 en hugmyndafræðin gengur út á *jákvæðan stuðning við hegðun nemenda*. Aðferðin leggur áherslu á leiðir til að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarbrotum með því að kenna og þjálfa félagsfærni, veita góðri hegðun athygli og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Nú vinnum við sem sjálfstæður SMT skóli. Vinna með SMT agaferli var í nokkuð föstum skorðum og því með líku sniði og undanfarin ár. SMT stýrihópur fór í vinnu við endurskoðun á skólareglum og voru þær lagðar fyrir starfsmannafund til skoðunar og samþykktar. Lagt var upp með skipulag samkvæmt ársþjóli.

SMT lausnarteymi

Teymið vinnur að málefnum einstaklinga eða hópa. Kennarar geta óskað eftir stuðningi teymisins við lausn einstaklingsmála eða málefna hópa. Meðlimir lausnarteymis eru fimm, kennarar af yngsta- og unglíngastigi, deildarstjórar yngri og eldri deildar ásamt námsráðgjafa. Næsta skólaár fellur lausnarteymið inn í velferðateymi skólans sem fundar vikulega og fjallar um málefni þeirra nemenda sem þurfa sérstakan stuðning.

Kennaranemar og nýliðar í starfi

Í vetur var í fyrsta skiptið í Oddeyrarskóla starfandi nýliða- og leiðsagnarteymi. Starf teymisins var öflugt og tók bæði á móti kennaranemum og fylgdi þeim eftir og tók á móti nýjum starfsmönnum, bæði kennurum og öðrum starfsmönnum. Tveir kennarar luku sérstöku leiðsagnarnámi frá Háskólanum á Akureyri og var það mikil fengur fyrir skólann. Teymið fylgdi móttökuáætlun og hélt utan um leiðsagnarkennslu og mat á kennaranemum. Oddeyrarskóli hefur undanfarið ár tekið á móti kennaranemum og hefur samstarf við bæði HA og HÍ verið farsælt.

Samstarf foreldra og skóla

Stjórnendur skólans hafa átt farsælt samstarf við foreldrafélagið. Hlutverk foreldrafélags er bundið í lög þess en það er m.a. að efla starf í kringum félagslíf nemenda og leggja fram aðstoð við ýmis góð mál sem varða börn og foreldra þeirra í skólanum. Fyrsta verkefni foreldrafélagsins hvert skólaár hefur verið að sjá um undirbúning fyrir hausthátíð skólans, en á þess sinni var tekin ákvörðun um að halda ekki hausthátíð, heldur að nýta fjármagnið í annað.

Meginverkefni foreldrafélagsins er þátttaka í árshátíð nemenda. Eins og áður sá foreldrafélagið um glæsilegt kaffihlaðborð í ár. Foreldrafélagið studdi einnig við nemendur 10. bekkjar fyrir árshátíð með því að greiða leikstjóra sem leikstýrði atriði nemenda 10. bekkjar. Foreldrafélagið hefur verið ötult við að styðja við skólafélagið með ýmsum hætti og í samstarfi við Hjólreiðafélag Akureyrar og Akureyrarbæ var sett upp hjólabraut við skólann í sumar. Síðastliðinn vetur færði félagið skólanum að gjöf veglegan bókastafla og auk þess mannbrodda og skóflur fyrir börnin sem nýtast við nám og leik þegar snjóar.

Foreldrasamstarf í Oddeyrarskóla - unglíngastig

Haustið 2018 kom upp sú hugmynd að gera breytingar á foreldrasamtölum á unglíngastigi. Ástæðan var að kennurum fannst þeir oft vera að endurtaka sömu hlutina og að e.t.v. væri gagnlegra bæði fyrir foreldra og nemendur að fá upplýsingar um ákveðin fög og horfa þá meira á leiðsagnarmat í stað þess að tala almennt um námsgreinar, líðan og segja frá mati sem foreldrar og nemendur geta skoðað á Mentor. Flestir foreldrar fara í 20 samtöl með börnum sínum í grunnskóla og var ákveðið að kanna hug foreldra til breytinga á viðtölum númer 15 - 20 eða viðtölum í 8. - 10. bekk.

Umsjónarkennarar kynntu hugsanlegar breytingar fyrir foreldrum í 8. - 10. bekk á haustfundi sem haldin var 6. september. Þar voru þrjár leiðir kynntar:

Leið A:

-„Hópviðtal“ í hverjum bekk um námsgreinar, um það bil viku fyrir samtalsdag, t.d. kl: 17:00-18:00. Foreldrar allra nemenda eru boðaðir.

-Faggreinarkennari fer þá yfir hvað er búið að gera, segir frá hvernig kennslustundir ganga, áherslur, verkefni og próf. Segja frá hvað má betur fara o.s.frv.

-Foreldrar bóka svo viðtal við þann/þá kennara sem þeir vilja ræða við 16. október og 26. febrúar.

-Einhverjir vilja tala við umsjónarkennara, aðrir vilja tala við íslenskukennara og einhverjir vilja e.t.v. tala við fleiri en einn.

Leið B:

-„Hópviðtal“ í hverjum bekk um námsgreinar, um það bil viku fyrir samtalsdag, t.d. kl: 17:00-18:00. Foreldrar allra nemenda eru boðaðir.

-Faggreinarkennari fer þá yfir hvað er búið að gera, segir frá hvernig kennslustundir ganga, áherslur, verkefni og próf. Segja frá hvað má betur fara o.s.frv.

-Foreldrar bóka svo viðtal við umsjónarkennara 16. október en 26. febrúar bóka þeir viðtal við þann sem þeir vilja ræða við, t.d. íslenskukennara.

Leið C:

-Óbreytt, þ.e. foreldrar bóka viðtal við umsjónarkennara á samtalsdögum. Nemendur koma með foreldrum.

-Rætt um nám, kennslu og hvernig allt gengur.

Ágætar umræður sköpuðust á fundinum en mörgum fanst leið A og B líkar þannig að í kjölfarið var send könnun á alla foreldra í 8. - 10. bekk um leið A eða C. Það er hvort vilji væri til breytinga eða ekki. Þannig var leið A kynnt

sem hópviðtal og samtal í kjölfarið hjá kennara/kennurum að eign vali og leið B óbreytt samtal hjá umsjónarkennara.

54 foreldrar svöruðu, sem er 80,6% þátttaka. 60,4% völdu leið A og 39,6% leið B. Þess vegna var „hópviðtal“ skipulagt 10. október milli kl: 17:00-18:00. Eftir það bókuðu foreldrar viðtal hjá þeim kennara sem þeim hentaði þriðjudaginn 16. október. Sumir völdu að tala við umsjónarkennara (líkt og áður) og/eða faggreinakennara. Í nokkrum tilfellum óskaði kennari eftir viðtali við foreldra sem ekki höfðu bókað viðtal hjá neinum.

„Hópviðtalið“ gekk vel og kynntu kennarar námsgreinar sína með áherslu á leiðsagnarmat og stuðning foreldra. Lögð var áhersla á hugarfar vaxtar og hvernig vinna skilar árangri í námi. Góð mæting var í tveimur bekkjum en nokkuð vantaði upp á mætingu í einum bekk bekk. Nemendur mættu ekki með í hópviðtöl og þarf að taka þá umræðu hvort hvort þeir ættu að mæta með foreldrum. Kennarar undirbjuggu sig vel fyrir hópviðtalið og fóru eftir fyrirfram ákveðnu skipulagi.

Foreldrasamtalsdagur var 16. október og þá bókuðu foreldrar viðtal í gegnum Mentor. Boðið var upp á 10 mín. en auðvelt var að bóka tvo tíma í röð ef vilji var til þess. Nokkrir hittu fleiri en einn kennara og sumir hittu alla kennara á unglíngastigi. Undirbúningur kennara var með nokkuð öðru móti en áður þar sem þeir undirbjuggu samtölin með ákveðna nemendur í huga, með tilliti til námsgreina og hvað mætti betur fara í námi nemandans. Kennarar voru lausnamiðaðir í sinni vinnu og gerðu sumir lista með góðum ráðum fyrir nemendur og foreldra hvernig þeir gættu eftir sig í náminu. Minni tími fór í umræður um samskipti, líðan og námsárangur almennt. Nokkrir foreldrar bókuðu ekki viðtal hjá neinum kennara enda töldu þeir sig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar í hópviðtali og vissu vel stöðu barna sinna. Í nokkrum tilfellum boðuðu umsjónarkennarar foreldra og nemanda í viðtal þar sem þeir vildu ræða ákveðin mál. Kennarar á unglíngastigi hittu foreldra og unglínga í samtals 43 viðtölum.

Það kom fram að þeir foreldrar sem mættu ekki í hópviðtöl voru ekki alveg með á nótunum en flestir þeirra bókuðu viðtöl hjá fleiri en einum kennara. Eftirfylgni og vinna eftir samtalsdaginn var þægileg þar sem kennarar gátu lagt á ráðin með foreldrum í hverju fagi auk þess sem undirbúningur fyrir hvert viðtal skilaði sér í minni eftirfylgni til annarra kennara.

Seinna hópviðtalið var með öðrum hætti, á þann fund mættu bæði foreldrar og nemendur. Fundurinn var haldinn 18. febrúar kl. 17:30 - 18:45 Allur hópurinn byrjaði saman þar sem einn kennarivar með fræðslu um heilsu með áherslu á svefn og hvað skiptir máli til að geta lagt sig fram við nám og störf. Góða mæting var á fundinn. Eftir sameiginlega fræðslu fóru allir bekkir í sína stofu og umsjónarkennari stjórnaði umræðum. Hópnum var skipt í hópa þar sem nemendur og foreldrar ræddu sama um eftirtalin viðfangsefni:

Hópavinna - af hverju eru eftirfarandi atriði mikilvæg og hvað getið þið gert?


Svefn og skjánotkun - Næring - Hreyfing - Hugarfar

Umræður gengu vel fyrir sig og skiluðu allir hópar af sér niðurstöðum munnlega. Foreldrasamtalsdagur var 25. febrúar og skráðu foreldrar sig hjá kennurum að eigin vali og nokkrir óskuðu eftir upplýsingum í tölvupósti. Samtals tóku kennarar á unglíngastigi 35 viðtöl. Undirbúningur fyrir þau samtöl var svipaður og í október en nokkur viðtöl við nemendur og foreldra í 10. bekk snérist um framhaldsskóla og hvað hentaði nemendum í þeim efnum. Nokkrir komu aftur til sama kennara til að leggja á ráðin.

Strax að loknum seinni samtalsdegi sendum við könnun til foreldra. Nokkuð færri svöruðu könnuninni en við fengum samtals 38 svör. Þar af völdu um 81% breytt fyrirkomulag, þ.e. hópviðtöl/fundi og val um samtal. Tæp 19% voru á móti eða 7 af þeim sem svöruðu.

Val

37 svör




- Ég/við erum ánægð með breytt fyrirkomulag þ.e. tvö mismunandi hópviðtöl/fundir og val um að bóka samtal hjá kennara.
- Ég/við viljum hafa hefðbundið samtal við umsjónarkennara og sleppa hópviðtölum/fundum.

Í könnunni var spurt um notkun á Facebook og var mikill meirihluti hlyntur því að kennarar notuðu síðuna til að miðla upplýsingum á óformlegan hátt. Alls svöruðu rúm 97% að þeir vildu að FB væri notuð og aðeins 1 var á móti því.

Ertu hlynt/ur að kennarar miðli upplýsingum í gegnum Facebook þar sem bæði foreldrar og nemendur hafa aðgang?



36 svör



- Já
- Nei

Foreldrar gátu tjáð sig í opinni spurningu og þá kom fram að flestir voru sáttir en tveir vildu mun frekar tala við umsjónarkennara um sitt barn og sleppa hópviðtölum/fundum.

Umsjónarkennarar á unglíngastigi leggja til að næsta vetur, skólaárið 2019-2020 verði aftur haft hópviðtal og sameiginlegur fundur með foreldrum og nemendum fyrir samtalsdag. Á samtalsdegi velji foreldrar hvaða kennara þeir tali við. Leggja þarf áherslu á góða mætingu í hópviðtöl í október þannig að þau skili árangri. Einnig þarf að taka afstöðu til þess hvort nemendur eigi að mæta með foreldrum í þau.

Fundir í skóla

Í september eru foreldrar boðaðir á haustkynningarfundir þar sem skólastarf vetrarins er kynnt og foreldrum gefst tækifæri til að hittast og spjalla.

Í vor var að venju haldinn fundur fyrir foreldra sem eiga börn sem hefja nám í 1. bekk næsta haust. Fundurinn var vel sóttur og farið var yfir ýmist hagnýt mál sem tengjast skólabyrjun.

Hefðbundin foreldrasamtöl með nemendum voru haldin 16. október og 25. febrúar. Foreldrar bóka tíma í gegnum kerfið Mentor og geta þannig valið sér tíma sem hentar.

Þróunarstarf og símenntun

Stjórnendur og kennarar hafa verið duglegir að sækja fræðslu og eru starfsfólk virkt í símenntun. Hér er yfirlit yfir þá endurmenntun sem stóð öllum til boða - listinn er þó ekki tæmandi:

Fræðsla og endurmenntun

- Eylist, 3x í vetur auk námskeiða fyrir kennara þessara þriggja skóla, þar af einu sinni í Oddeyrarskóla.
- Eymennt - haldið 6x í vetur, þar af einu sinni í Oddeyrarskóla.
- Málþing í Brekkuskóla undir yfirskriftinni Efling hugans, andleg heilsa og vellíðan nemenda og starfsfóks. Kennarar í Oddeyrarskóla voru með málstofu og kynntu DAM kennslu í skólanum. John Paul Fitzpatrick var aðal fyrirlesari og kynnti hugarfar vaxtar.
- John Paul Fitzpatrick var með fræðslu fyrir kennarar í Oddeyrarskóla um hugafar vaxtar í ágúst.
- Námskeiðið Sterkari starfsmaður hélt áfram í vetur og voru kennarar í Oddeyrarskóla virkir í kennslunni. Námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Allir kennarar í skólanum sátu fræðslu á vegum starfsmann BUGL um tengslavanda.
- Tveir kennarar sóttu 5 daga námskeið í PMT grunnmenntun.
- Á starfsmannafundi í nóvember kom Elí Freysson með stutt innlegg um einhverfu. Þar fengu starfsmenn sjónarhorn einhverfs drengs á ýmislegt sem tengist skólastarfi.
- Námsráðgjafi fór á Norræna ráðstefnu um geðheilbrigði barna sem haldin var á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 28. mars. Ráðstefnan var haldin að frumkvæði Íslands sem leiðir samstarf á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar á þessu ári og er viðfangsefnið geðrækt, forvarnir og snemmtæk íhlutun. Kastljósínu var beint að því hvernig betur megi nýta skólakerfið til að efla geðheilbrigði barna og mikil áhersla var lögð á þátttöku ungmenna í ráðstefnunni.
- Sálfræðingar frá Sálfræðistofu Akureyrar komu með fræðslu um teymisvinnu og í kjölfarið var boðið upp á fundi með hverju teymi fyrir sig. Í framhaldið af því var boðið upp á einstaklingráðgjöf sem nokkrir kennarar nýttu sér. Verkefni var mjög vel heppnað og var gott að fá handleiðslu sem nýttist bæði einstaklingum og teyimum.
- Föstudaginn 2. maí var haldið innanhússþing, þar sem kennarar kynntu þróunarvinnu vetrarins.
- Margir kennarar skólans sóttu fræðslu sem haldin var í HA um kynvitund. Transteymi Landspítalans sá um fræðsluna og var dýrmætt fyrir kennara að fá fræðslu um kynama.

- Sex kennarar sóttu tveggja daga námsekið um DAM í Reykjavík. Námskeiðið var gott framhald af námskeiði sem fjórir kennarar sóttu áður í Bandaríkjunum.
- Í apríl og maí fóru 10 kennarar úr Oddeyrarskóla í námsferðir / skólaheimsóknir sem fjármagnaðar hafa verið með tveggja ára Erasmus styrk sem sótt var um á vordögum 2017. Sjö kennarar af yngsta stigi skólans fóru til Noregs og heimsóttu skóla í nágrenni við Osló þar sem þeir kynntu sér hugmyndafræði í stærðfræðikennslu sem við erum að þróa í skólanum undir leiðsögn Þóru Rósu Geirsdóttur ráðgjafa hjá MSHA. Í daglegu tali köllum við þessa stærðfræði Zankov – stærðfræðina, en upphaflega kemur hugmyndafræðin frá Rússlandi og byggir á hugmyndafræði Zankov. Þessi hugmyndafræði í kennslu hefur verið að ryðja sér til rúms í skólum víðs vegar um Noreg og eru þrír skólar að vinna að þróun kennsluhátta í þessa veru á Íslandi og er árangur rannsakaður samhliða því. Við erum nú að ljúka öðru ári í innleiðingunni, en kennslan byggir mikið á samræðum og vinnu með skilning nemenda á stærðfræðihugtökum.
- Þrír af þeim kennurum sem starfa í heilsueflingarnefnd skólans brugðu sér til Glasgow í Skotlandi heimsóttu Dr. John Paul Fitzpatrick kennsluráðgjafa, sem styður m.a. við skóla sem eru að innleiða hugmyndafræði hugarfars vaxtar eða Growth mindset. Kennararnir heimsóttu tvo skóla sem John Paul hefur verið að styðja við og var margt gagnlegt skoðað og rætt í þeirri ferð. Heilsueflingarnefnd skólans hefur verið að kynna sér þessa hugmyndafræði í vetur í tengslum við geðræktarþátt heilsueflandi grunnskóla og er ætlunin að unnið sé með hugarfar vaxtar að einhverju marki í öllum bekkjum skólans til að auka vilja og þrautseigju nemenda til náms og trú þeirra á eigin getu. Foreldrar hafa flestir fengið kynningu á hugmyndafræðinni, enda er orðræða foreldra og starfsfólks skóla mikilvæg þegar kemur að því að vinna með hugarfar nemenda gagnvart getu og vilja til náms. Við að fara í skólaheimsóknir lærist að auki margt annað sem kennarar geta nýtt sér og búa að í starfinu sínu. Við erum afar þakklát Rannís og Erasmus+ fyrir að fá tækifæri sem þessi til starfsþróunar, því við vitum að þetta eflir okkur sem fagmenn og gerir skólastarfið okkar enn betra.
- Í júní fóru 26 starfsmenn Oddeyrarskóla í sjálfsræktar- og gönguferð til Spánar. Námskeiðið var skipulag af Kristínu Lindu Jónsdóttur sálfræðingi og Ingu Geirsdóttur fararstjóra. Áhersla var á farsæld í einkalífi og starfi, jákvæðni, heilsu, vinnuhegðun, samskipti og lífsgleði. Námskeiðið var á allan hátt vel heppnað og gott veganesti fyrir kennara og annað starfsfólk í skólanum. Efni námskeiðsins passaði vel við stefnu skólans að vera heilsueflandi. Auk þess fékk starfsfólk fræðslu um DAM og hvernig það efni styður við geðrækt nemenda og starfsfólks.

Könnun kennara um skólastarfið

Á vordögum svöruðu kennarar stutttri könnun um skólastarfið. Könnunin var í þremur hlutum og var fyrst spurt um hvað kennarar væru ánægðir með í skólastarfinu sem tengdist uppbrotsdögum og viðburðum. Kennarar voru almennt ánægðir með skipulag á uppbrotsdögum og viðburðum. Það kom fram að mikil ánægja var með útivistardag að hausti og það að allur skólinn tók þátt í honum saman. Farið var að Hraunsvatni og þótti kennurum vel til takast. Auk þess var ánægja með árshátíð, skíðadag, starfamesu, innanhússþing, hæfileikakeppni og skipulag á smíðjudögum.

Næst var spurt um hvað kennarar væru ánægðir með í eigin kennslu og/eða verkefnum sem þeir tóku þátt í í vetur. Fram kom að mikil og almenn ánægja var með samvinnu og samstarf í skólanum og var samhljómur í svörum kennara að samstarf og teymisvinna gæfi kennurum aukið tækifæri til starfsþróunar sem kæmi öllum vel. Samvinnan væri góð til að fást við vandamál og efldi kennara á ýmsan hátt. Almennt voru kennarar á því að þeir væru með fjölbreytt verkefni fyrir nemendur sem þeir töldu mikilvægan þátt í öflugu skólastarfi. Nokkuð mörg vel heppnuð verkefni voru nefnd s.s. þemavinna á miðstigi þar sem enska og náttúrufræði var samþætt, alþjóðleg verkefni, Talking partners, þemavinna á unglingastigi, jafnréttisverkefni á unglingastigi, Zankov stærðfræði á yngsta stigi, aukin agastjórnun í bekk, leiðsagnarteymi með kennaranemum og nýliðum í starfi, áhersla á ritun í tengslum við byrjendalæsi í samvinnu við HA, námsárangur á samræmdum prófum, góð samvinna við stuðningsfulltrúa í íþróttar- og sundkennslu, áframhaldandi vinna með geðrækt og fleira.

Að síðustu var spurt út í hvað betur mætti fara í skólastarfinu. Í nokkuð mörgum svörum kom skýrt fram að kennurum fannst of margt vera í gangi í einu bæði í daglegu skólastarfi og símenntun. Mikil uppbrot í skólastarfinu bitnaði á samfellu í námi. Flestir voru þó sammál að uppbrot væru ágæt í hófi en velja ætti vel viðburði og uppbrot. Auk þess kom skýrt fram að ekki ætti að bæta inn mörgum nýjum verkefnum eða fræðslu fyrir kennara. Farsælla væri fyrir faglega starfsþróun að einbeita sér að færri verkefnum og fara dýpra í þau. Betra væri að kennara gætu notað alla sína orku í daglegu starfi með nemendum. Það kom einnig fram í mörgum svörum að auka þyrfti sér- og stuðningskennslu og gott væri ef sá stuðningur væri með öflugra umsjón og eftirfylgni. Margir kennarar höfðu áhyggjur af nemendum með annað tungumál og lestrarerfiðleika. Það kom fram að það væri mikilvægt að ábyrgð foreldra væri skýr og samstarf heimila og skóla væri öflugt og gott. Margt fleira var nefnt s.s. að allir kennarar störfuðu í teymum, að nóg væri til af tækjum og áhöldum, að auka mætti samstarf bæði milli stiga og skóla, að auka ætti geðrækt, að efla þyrfti þrautseigju nemenda, að skipulag frá stjórnendum mætti vera markvissara, að ekki væri heppilegt að hafa litlu jóla og kennslu á sama degi og það þyrfti að endurskoða námsmat á yngsta stigi.

Úr skýrslu náms- og starfsráðgjafa

<u>Fræðsluáætlun</u>	<u>Einstaklingsáætlun</u>	<u>Persónuleg ráðgjöf</u>	<u>Samráðsáætlun</u>
Ætluð öllum nemendum 1. - 10. bekk	Ráðgjöf við skipulagningu og ákvarðanatöku varðandi nám og störf.	Þjónusta sem tekur á aðkallandi vanda einstakra nemenda.	Stjórnunarþættir sem auka virkni, gæði og árangur náms- og starfsráðgjafa áætlunarinnar.
Áætlaður tími: 35% - 45%	Áætlaður tími: 5% - 10%	Áætlaður tími: 30% - 40%	Áætlaður tími: 10% - 15%
Tilgangur: Náms- og starfsfræðsla miði að því að efla áhuga þannig að nemendur fái betur notið sín í námi og síðar í starfi. Efla þekkingu á vinnumarkaðnum og vinna gegn brotthvarfi.	Tilgangur: Aðstoð við nemendur við að setja sér markmið varðandi nám og störf.	Tilgangur: Aðstoð við einstaka nemendur við að takast á við persónuleg- og félagsleg vandamál sem hafa áhrif á líðan og skólagönguna.	Tilgangur: Skipulagning, kynning og mat.


Myndin hér að ofan sýnir alhliða áætlun Gysper og Henderson í náms- og starfsráðgjöf. Með alhliða áætlun vinna náms- og starfsráðgjafar í teymi með starfsfólki í skóla, foreldrum og öðrum í samfélaginu. Með fræðslu, forvörnum og inngripum nógu snemma eru meiri líkur á að nemandinn nái sínum hámarksárangri. Mikilvægt er að nemandinn uppgötví að allt spilar saman og sjálfsþekking, samskipti, aðstæður og atburðir eru allt þættir sem hafa áhrif lífið sjálft. Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér braut til framtíðar. Náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir þjörginni. Snemmtæk íhlutun er góð forvörn og getur komið í veg fyrir tilfinninga- og eða aukinn vanda síðar á ævinni.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa í vetur voru m.a.


- Aðstoða nemendur við að þróa með sér sjálfstæði, jákvæða sjálfsmynd og færni við lausn vandamála og ákvarðanatöku.
- Vinna gegn brotthvarfi.
- Ráðgjöf um náms- og starfsval nemenda og námstækni.
- Námskeið - sjálfsefning, ART, ADHD, lesblinda og DAM díalektísk atferlismeðferð.
- Viðtöl við nýja nemendur.
- Fundir og teymi
 - Velferðarnefnd (nemendaverndaráð, eineltis- og áfallateymi)
 - Jafnréttisnefnd og lausnateymi
 - Teymi náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Akureyrar
 - DAM díalektísk atferlismeðferð, verkefnastjórn
 - Undirbúningsnefnd fyrir Starfamesu
- Tengiliður við forvarnarfulltrúa Akureyrarbæjar.
- Samráð við starfsfólk skólans um hegðun og líðan nemenda.
- Samráð við foreldra um málefni sem varða framgöngu barna/unglinga.
- Samráð við stofnanir um einstaka nemendur.
- Situr einstaka teymis- og stigsfundi sem og aðra fundi með foreldrum og eða kennurum sem snerta nemendur.
- Í samráðshópi um geðrækt í grunnskólum sem tengist aðgerð B.2 úr geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2020.

Í lok skólaárs voru um 200 nemendur skráðir í skólann, af þeim fjölda eru 18 nýir nemendur sem innrituðust á árinu frá september og fram í apríl. Eins og undanfarin ár hefur mestur þunginn verið í persónulegri ráðgjöf við nemendur. Ýmist óskuðu nemendur sjálfir, foreldrar þeirra eða kennarar eftir viðtali við námsráðgjafa. Nemendur sem notuðu ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa voru sjötíu og fimm. Þrjátíu og tveir drengir eða 42,7% og fjórtíu og þrjár stúlkur eða 57,3%. Þessi hópur dreifist á öll aldurstig þ.e. frá 1. til 10. bekk.

Í vetur var stöðuhlutfall námsráðgjafa 100% og þar af 10% verkefnastjórn yfir DAM og 10% starfshlutfalli í Valsárskóla/Álfaborg þar sem hann sinnti ráðgjöf og fræðslu. Í Oddeyrarskóla voru skráð 217 einstaklingsviðtöl. Náms- og starfsráðgjafi var töluvert frá í vetur annars vegar vegna sumarleyfis sem hann átti inni og hinsvegar v. veikindaleyfi. Fjarveran hefur haft mikil áhrif á starfið í vetur og þjónustu við nemendur þar sem engin afleysing var í hans forföllum.



Nemendur sem notuðu persónulega ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa



Mynd sem sýnir fjölda þeirra sem notuðu persónulega ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa.

Það er mikilvægt að kenna börnum sjálfstjórn, færni og leiðir til að takast á við oft flóknar og erfiðar tilfinningar. Áfram er unnið að innleiðingu á DAM sem á íslensku heitir *Leikni til lífs: Félags- og tilfinningafærni fyrir ungmenni á grunni díalektískrar atferlismeðferðar (DAM)*



Í niðurstöðum á mælingum sem hafa verið gerðar síðan byrjað var að kenna DAM koma fram jákvæð áhrif í svörum hjá nemendum. Verkefnið er að hluta til fjármagnað með styrkjum sem m.a. nýtast til námskeiða fyrir kennara sem nota DAM í kennslu.

[Norræn Ráðstefna](#) var haldin 28. mars þar sem aðal viðfangsefnið var geðrækt, forvarnir og snemmtæk íhlutun og hvernig betur megi nýta skólakerfið til að efla geðheilbrigði barna. Fram kom á ráðstefnunni mikilvægi þess að unnið væri að þessum málum markvisst og stöðugt. Í máli [Sigrúnar Danielsdóttur](#) verkefnastjóra geðræktar hjá

Embætti Landlæknis hefur komið fram að skólar eru almennt álitnir ákjósanlegasti vettvangurinn til að ná til sem flestra barna í samfélaginu um geðrækt og forvarnir.

Einnig mælir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin með að heilsuefning í skólum fari fram með heildrænum hætti þar sem jöfn áhersla er lögð á andlega, líkamlega og félagslega vellíðan barna. Sóknarfæri til að efla geðheilsu eru mest í æsku en helmingur geðraskana eru þegar komin fram við 15 ára aldur og 75% fyrir 25 ára aldurs.

[Bendill](#) er áhugasviðskönnun sem veitir upplýsingar um nám og störf. Nemendur í 10. bekk tóku áhugasviðskönnunina og var fylgt eftir með persónulegu viðtali þar sem farið var yfir niðurstöður. Nemendur fengu kynningar á framhaldskólum einnig fóru þeir í heimsóknir og fengu heimsókn frá námsráðgjöfum skólana hér á Akureyri. Námsráðgjafi var með hópráðgjöf í nokkur skipti með drengjunum í 10. bekk. Nemendur í 10. bekk fengu kynningu [Europass](#) vefnum og gerðu [ferilskrárar](#).

Námsráðgjafi situr í Jafnréttisnefnd sem vann að því að fara yfir [jafnréttis-](#) og framkvæmdaráætlun skólans en breytingar hafa verið gerðar á [22. gr.](#) laganna og fjallar lagagreinin eftir breytingarnar um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni. Í framkvæmdaráætlun má sjá þau markmið sem skólinn hefur sett sér í þessum málum og hafa allir nemendahópar fengið fræðslu er lúta að breytingu laganna.

Námsráðgjafar í grunnskólum Akureyrar ásamt undirbúningsnefnd Starfamessu stóðu að vel heppnaðri [starfamessu](#) sem var haldin 1. febrúar í Háskólanum á Akureyri. Í kringum 40 fyrirtæki kynntu starfsemi sína og menntun innan sinna fyrirtækja eða stofnanna. Yfir hundrað manns komu að undirbúningi Starfamessunnar. Án þátttöku fyrirtækja og með stuðningi sviðstjóra fræðsluviðs hefði lítið orðið úr þessum viðburði. Almenn ánægja var hjá þeim sem tóku þátt og mun Starfamessan verða haldin aftur að ári. Um 700 nemendur í 9. og 10. bekk tóku þátt í þessum degi og fengu tækifæri til að fræðast um margvísleg störf. Nemendum í nágrenna sveitafélögum Akureyrar allt frá grunnskóla [Öxafjarðar](#) til [Fjallabyggðar](#) var boðið að taka þátt og var almenn ánægja með boðið. Það er mikilvægt að Akureyri sem höfuðstaður Norðurlands hugi að nemendum sem eru búsettir í minni sveitafélögum og gefi þeim kost á að taka þátt í viðburði eins og þessum.

Náms- og starfsfræðsla var fyrir nemendur á yngsta- og unglingastigi þar sem unnið var með fjölbreytt verkefni en vegna veikinda námsráðgjafa komst það ekki til framkvæmda að vera með starfsfræðslu á miðstigi. Nemendur í 8. bekk hafa fengið afhendann bæklinginn [Náðu tökum á náminu](#) og fór námsráðgjafi ýtarlega yfir hann með nemendum í ár líkt og undanfarin ár. Nemendur í 9. bekk fóru í starfskynningu í nóvember, fyrirkomulag þeirra var með þeim hætti að nemendur höfðu samband við vinnustað að eigin vali en hinn daginn

var óskað eftir að nemendur veldu sér vinnustað sem væri óhefðbundinn út frá kynjasjónarmiðum. Þá var óskað eftir því að strákar kynntu sér vinnustað/starfsgrein þar sem konur eru almennt í meirihluta og að stelpur kynntu sér vinnustað/starfsgrein þar sem karlar eru almennt í meirihluta. Þessi kynjabundni þáttur er liður í jafnréttisáætlun Oddeyrarskóla sem m.a. byggir á [23. gr. jafnréttislaga](#) þar sem segir:

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu piltar og stúlkur óháð kyni hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.

- Mikilvægt er að kynna bæði stúlkum og piltum möguleika á framhaldsmenntun og störfum sem litið hefur verið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf en jafnframt hvetja nemendur til að prófa það sem hentar hverjum og einum burtséð frá kyni. Nemendur 8. bekkjar fengu afhendan námstækni bækling í heimsóknnum frá umsjónarkennara sínum að hausti.

Námsráðgjafi ásamt kennurum úr DAM teyminu voru með málstofu á BKNE þinginu í ágúst. Námsráðgjafi var með kynningu á DAM fyrir Kennsluráðgjafafélag Íslands og með erindi málstofu þar sem var verið að kynna þróunarverkefnið *Gerum gott betra* og tók síðan í framhaldinu þátt í einum rýnifundi í tengslum við það verkefni.

Lokaorð

Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri hætti störfum í Oddeyrarskóla um miðjan maí og hóf þá störf í Giljaskóla. Anna Bergrós Arnarsdóttir var ráðin skólastjóri og hefur störf 1. ágúst. Anna Bergrós mætti á skólaslit og kynnti sig en hún er skólanum kunnug þar sem hún kenndi í Oddeyrarskóla í mörg ár.

Júní 2019

Fjóla Kristín Helgadóttir, Rannveig Sigurðardóttir og María Aðalsteinsdóttir